Fylgiskjal 12

VEGAGERÐIN
Norðurland vestra
Mótt. 22 MAR 2002
Skjalalykill 40.1
Málsnr. 2000110001

Vegagerðin
Borgarsíðu 8
Sauðárkróki

Framnesi 20.03.2002.

Efni: Norðurárdalur í Skagafirði reið- og rekstrarleið.

Á fundi hreppsnefndar Akrahrepps 11.03.2002 var tekið fyrir bréf frá Vegagerðinni dags. 4. feb. 2002 og eftirfarandi bókað:

Kynnt bréf frá Vegagerðinni um væntanlegan veg í Norðurárdal og tilhögun reið- og rekstrarleiðar um Norðurárdal. Hugmyndin er að gamli vegurinn verði reið- og rekstrarleið, girt verði með netgirðingu í efri kanti en rafgirðing komi neðan vegfláa í neðri kanti. Vegagerðin tekur að sér viðhald girðinga, en Akrahreppur tekur að sér að vera veghaldari á gamla veginum, en fær í heimamund með veginum kr 2 milljónir og geti auk þess sótt um framlag úr styrkvegasjóði til viðhalds veginum. Samþykkt að ganga til samninga við Vegagerðina á þessum grunni en hreppsnefnd setur þó fram nokkur atriði sem hún vill fá inn í samning, svo sem uppsagnarákvæði samnings.

Staðfest rétt upptekið.

Broddi Björnsson.

Broddi Björnsson.